

Hugmyndir að vinnu með nemendum í tengslum við heftin:

Hefti 1

Skólastofa

1. Búa til miða og merkja alla hluti í stofunni. Öll orð í nefnifalli og þolfalli
Skrifa karlkynsorð með bláu tússi, kvenkynsorð með rauðu og hvorugkynsorð með grænu.
2. Spyrja nemendur: “Hvar er tafla?” o.s.frv. “Þarna er tafla?”
3. Leyfa nemendum til skiptis að vera kennari og spyrja hópinn.
4. Kennari skrifar orð á töfluna en sleppir einum eða fleiri stöfum. Nemendur koma til skiptis og skrifa stafina sem vantar.
5. Nemendur fá að vera kennari til skiptis og endurtaka leikinn.
6. Kennari teiknar hlut á töfluna, nemendur reyna að vera fyrstir til að segja orðið.
7. Nemendur koma til skiptis og endurtaka leikinn.
8. Mikilvægt er að kennari hafi stafrófið sýnilegt, með stórum stöfum í kennslustofunni. Nú er hægt að rifja upp hljóðin, finna orð sem byrja á hverjum staf og skrá í orðabók þar sem orð eru flokkuð eftir stafrófinu.
9. Þetta geta börnin gert tvö og tvö saman. Kennarinn þarf að fylgjast með að börnin stafsetji orðin rétt.
10. Nemendur, 2-4 í hóp æfa fyrsta leikinn: “hvar er klukka?” “klukka er þarna”.
11. Kennari tekur alla miðana af hlutunum í kennslustofunni og nemendur skiptast á að setja þá á réttan stað.
12. Nemendur fá myndaorðabækur og mega finna hluti sem gætu hafa gleymst og mega skrá þá á miða, teikna mynd af hlutnum aftan á miðann til að gleyma ekki merkingunni.
13. Nemendur fá að kynna orðin sín fyrir hinum og setja á réttan stað.
14. Nú þarf að taka fyrir sagnorðin, lesa, skrifa, hlusta o.s.frv. og það er hægt að æfa með því að skiptast á að leika og hinir reyna að vera fyrstir til að segja orðið.
15. Nemendur mega finna fleiri sagnorð sem tilheyra kennslustofunni, skrifa, teikna og kynna svo fyrir hinum.
16. Kennarinn skrifar sagnorð á töfluna, sleppir nokkrum stöfum, nemendur koma til skiptis og bæta við stöfunum.

17. Total Physical Response aðferðin:

- a. kennarinn gefur fyrirskipun (sagnorð: teikna, lesa....) um leið og hann framkvæmir hana
- b. Kennarinn gefur fyrirskipun og framkvæmir hana ásamt nemendum.
- c. Kennarinn gefur fyrirskipun og nemendur framkvæma hana.
- d. Kennarinn gefur fyrirskipun og einn nemandi (fyrst sá besti í hópnum) framkvæmir hana.
- e. Nemandi gefur fyrirskipun (einn af þeim bestu fyrst) og kennari og nemendur framkvæma.
- f. Kennarinn og nemandi útfæra fyrirskipun og koma með nýjar setningar (sjá orðatiltækin hér fyrir neðan).

18. Samsöngur:

Gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár,
brúnn, bleikur, banandi,
appelsína talandi
gulur, rauður, grænn og blár
svartur, hvítur, fjólublár

Nemendur skrá þetta í svo til gerða söngbók, lita og teikna með.

19. Mikilvægt er að kenna nemendum strax föst orðatiltæki sem mikið eru notuð í skólastofunni. Orðatiltækin eru skráð á miða sem eru hengdir upp á vegg ásamt teikningu sem útskýrir merkinguna:

„góðan daginn“
„má ég fara á klósettið“
„sitja“ = „setjist niður“
„standa upp“ = „standið upp“
„þögn“
„hlusta á kennara“ = „hlustiði á mig“
„taka bók úr skólatösku“
„taka pennaveski úr skólatösku“
„taka..... úr skólatösku“
„setja niður í skólatösku“
„bless“
„takk fyrir í dag“

20. Gefið nemendum auglýsingabæklinga og leyfið þeim að klippa út myndir af þeim orðaforða sem þeir hafa lært í hefti 1 og líma inn í þeirra eigin orðabók og skrifa orðið við. Þeir geta skipt orðabókinn niður eftir stafrófinu, þannig að þeir verði fljótari að finna viðkomandi orð.

21. Nú er mikilvægt að æfa hljóð og tákni. Minimal pair æfing er mjög gagnleg.

Tvö lík orð, eins og rós og dós, dós og dót o.s.frv. orð sem eru eins fyrir utan einn staf sem er staðsettur á sama stað í orðunum. Það er mikilvægt að æfa framburð svona orða til að leggja áherslu á viðkomandi stafi og hljóð þeirra.

22. Nemendur byrja að vinna í dagbók. Nemandinn lýsir daglegum störfum í myndaseríu sem kennarinn aðstoðar við að koma í orð – sagnorð skrifuð í nafnhætti og nafnorð í nefnifalli og þolfalli

Það er gott að ljósrita dagbækur þeirra og gefa hinum og lesa saman. = scaffolded writing: Aðstoð í tali eða riti frá kennara til að hjálpa nemandanum í að auka við kunnáttu sína og færni. „Scaffolds“ eða vinnupallar hjálpa nemandanum að framkvæma betur en hann annars myndi gera. Þetta næst fram með því að gefa nemendum orð eða stuttar setningar til að nota í dagbókarvinnunni.

Nú eru nemendur komnir með:

söngbók

orðabók

dagbók